

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Kópasker.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Kópaskershöfn takmarkast að sunnan af línu, sem dregin er úr Brekkuskeri réttvísandi í vestur, að norðan af línu, sem dregin er úr Langaskeri, einnig réttvísandi vestur, og að vestan af línu, sem dregin er frá norðri til suðurs hornrétt á áðurnefndar línur og 1.5 km vestur úr Brekkuskeri.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Presthólahrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en þrír menn kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd á fyrsta fundi til 4 ára í senn hafa á hendi framkvæmd þeirra. Skal einn þessara manna kosinn formaður. Formaður hafnarnefndar er hafnarstjóri. Heimilt er þó að ráða sérstakan hafnarstjóra eða starfsmann, ef hafnarnefnd mælir með því og hreppsnefnd samþykkir. Hafnarnefnd sér um viðhald og umbætur á höfninni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI

Hafnarsjóður.

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Hafnarsjóður Kópaskers. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til bygginga hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim.

IV. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd þetur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmeitt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tefja fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin.

6. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, sem valdið getur skemmdum á höfninni, né flytja það frá landi út í höfnina. Sama gildir og um síldar- og fiskúrgang, nema með leyfi hafnarstjóra.

7. gr.

Ekki má gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

V. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýta boðum hafnarstjóra og starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boði hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

9. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

VI. KAFLI

Um lesta- og ljósagjald.

10. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip og bátar, stærri en 12 rúmlestir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni eða við bryggjur í höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er öðruvisi ákveðið, greiðist lestagjaldið af nettó burðarmagni skipsins, þannig að hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

11. gr.

a) Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Kópaskeri og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Kópaskeri a. m. k. 4 vikur eða lengur á ári, skulu greiða lágmarksgjald sem hér segir:

Opnir bátar greiði kr. 200.00 og þilfarsbátar kr. 500.00.

b) Skip, sem ganga samkvæmt fyrir fram útgefinni áætlun (birtri á prenti), skulu greiða lestagjald kr. 1.00 fyrir hverja rúmlest. Innlend fiskiskip greiði kr. 1.50 og öll önnur skip kr. 2.50 fyrir hverja rúmlest.

c) Undanþegin framangreindu lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip og skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda.

12. gr.

Hafi skip legið í höfninni í 14 daga, skal greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim.

Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

13. gr.

Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald kr. 60.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar.

Þau skip og bátar, sem um getur í a)-lið 11. gr., greiði árlega kr. 100.00.

VII. KAFLI

Um bryggjugjald.

14. gr.

Gjöld af bryggju hafnarsjóðs.

Hvert skip, sem leggst að bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins. Skip, sem ganga samkvæmt áætlun greiða kr. 0.50 af rúmlest. Öll önnur skip greiða kr. 1.00 af rúmlest. Bryggjugjald skal þó aldrei vera minna en kr. 80.00.

Þau skip og bátar, sem um getur í a)-lið 11. gr., greiði árlega kr. 80.00.

VIII. KAFLI

Um vörugjald.

15. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru og affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er um getur í næstu greinum.

16. gr.

Fyrir vörur skips, sem samkvæmt farmskrám eru ætlaðar til umhleðslu og eiga aðeins að leggjast á land um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið í farmskránni, greiðist ekkert gjald.

17. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskránni.
- b) Vistir og aðrar nauðsynjar báta og skipa, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c) Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d) Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) eða í herskip.

18. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrám skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hann látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

19. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Korn- og mjölvörur, garðávextir, sykur, saltfiskur, ísaður fiskur, síldar-
mjöl, fiskimjöl, lýsi, freðsild, óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur,
timbur, sem reiknast eftir þyngd, legsteinar, eldfastir steinar og leir,
gólf- og veggflísar, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik,
asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvar-
vörur, hevvinnsluvélar, plógar, herfi, blý, vír, vírnet, akkeri, kalk, fræ,
fóðurbætir, hey, tilbúinn áburður, mjólk og skyr.
3. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Oliur, benzín, feiti, smjörliki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur,
bindigarn, net, línur, önglar, olíufatnaður, útgerðarvörur ótaldar ann-
ars staðar, hert skinn, hertur sundmagi, hraðfrystur fiskur, smjör og
ostar.
4. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:
Málningarvörur og efni til málningar, lakk, kitti, lím, gips, veggfóður,
hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, brennisteinn o. þ. h., korkur, kork-
vörur, brauðvörur alls konar, gólfdukar, gúmmi, gúmmívörur, pappír,
pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, plöntur, ávextir, niður-
suðuvörur, blikkvörur, hjólhestar og varahlutir í þá, tin, zink, seglgarn,
ger, gerefni, smíðatól, skóflur, hakar og þess háttar, vörur úr kopar,
eir, messing, brönse, emaleraðar vörur, glervörur, leirvörur, leðurvör-
ur, smávélar alls konar, smáiðnaðarvélar, hreinlætisvörur, skó-, gólf-
og húsgagnaáburður, gólfklútar, ölgerðarvörur og efni til ölgerðar, öl-
og gosdrykkir, ávaxtdrykkir, burstavörur, smájárnvörur, eldhúshöld,
barnavagnar, bökunarvörur, kaffi og kaffibætir.
5. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, lyfjavörur, snyrtivörur,
eldspýtur, viðtæki, smáhljóðfæri, hljómvélaþlötur, skrifstofuáhöld, vefn-
aðarvörur, skófatnaður úr öðru en gúmmi, fatnaður alls konar, klukkur,
mælar, símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, súkku-
laði, sælgæti, kakaóduft, te, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng,
sýnishorn og glysvarningur ótalin annars staðar.
6. flokkur. Gjald kl. 3.50 fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, vín og spíritus.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir stykki.
Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir teningsfet:
Trjáviður.
9. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
10. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir tunnu:
Saltsild.
11. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Kjöt- og sláturafurðir, rjúpur, ull og gærur.
12. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki:
Stórgripir, sauðkindur, geitur og loðdýr.

13. flokkur. Gjald $\frac{1}{2}\%$ af verðmæti sjávaraflla, lögðum á land í Kópaskershöfn til vinnslu og verkunar, sem innleggjandi greiðir. Kaupandi, vinnsluaðili eða verkandi innheimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess hjá innleggjanda.

Þó skal lægsta gjald af aðfluttum og brottfluttum vörum aldrei vera minna en kr. 2.00, en ekki skal taka tvisvar gjald af sömu vöru, enda sé þess getið í farmskrá, sé um vöru að ræða, sem vörugjald hefur áður verið tekið af.

20. gr.

Lestagjöld, ljósagjöld og bryggjugjöld skal greiða áður en skipið fer úr höfn. Aðra gjalddaga ákveður hafnarstjóri.

21. gr.

Gjald fyrir vörur þær, er um getur í 19. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Kópaskeri og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslan standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð.

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum.

Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð fór fram.

Yfirmat skal framkvæmt af 5 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæð verður eigi breytt meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiði hinn aðilinn kostnaðinn.

23. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Kópasker nr. 219 17. desember 1951.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.